


menningarmál



■ Þorkell Sigurbjörnsson



■ Gunnar Reynir Sveinsson



■ Atli Heimir Sveinsson

# Musica Nova - kirkjutónleikar

■ Kunnugir segja, að ekki einasta sé tónlistarlíf hér á landi hlutfallslega langfjölbreyttast og gróskumest á Norðurlöndum, heldur sé hér mest að gerast á sviði nýrrar og nútímatónlistar, án tillits til höfðatölu. Enda er það mikil gleðiefni að Musica Nova skuli nú vera upprisin eftir áratugs dauðadæði.

Síðan Musicu Novu leið hefur mikil vatn til sjávar runnið — tónlistarmenntun þjóðarinnar hefur farið fram, og hún vaxið að reynslu og þekkingu, og „ungu skáldin“ sem þá höfðu tilhneigingu til að ofkrydda tilveruna, eru að verða miðaldra. Að visu hafa komið ungir menn í staðinn, en annað hvort þarf meira til að ganga fram af mönnum nú en þá, eða tónsmíðatiskan hefur þreyst í rölegra hof. Allt um það, á kirkjutónleikunum í Kristskirkju hinn 10. júní var ekkert sérlega framúrstefulegt að sjá eða heyra: þar var ekkert sem ekki hefði getað verið frá fyrri öld, eða jafnvel öldinni þar á undan. En ekki verra fyrir það.

Tónleikarnir skiptust í tvennt: fyrst lék Ragnar Björnsson 10 sálmaforleiki eftir 6 tónskáld, þá Atla Heimi Sveinsson, Leif Þórarinnsson, Þorkell Sigurbjörnsson, Gunnar Reynir Sveinsson, Ragnar Björnsson og Jón Nordal. Flestir eru forleikir þessir við gömul íslensk sálmalög. Síðan söng kór, einsöngvari og orgel kantötu eftir Leif Þórarinnsson — fjóra sálma

úr Bibliúnni.

Sálmaforleikirnir 10 eru áheyrileg litil stykki. Þeir voru víst frumfluttir í Skálholti fyrir einu eða tveimur árum, en ég hafði ekki heyrt þá áður. Þarna er mikil um mótulasjónir og krómáttu, rétt eins og hjá Wagner eða Berlioz, og „möguleikar orgelsins“ aðrir en þeir, sem allir þekkja frá fornu fari, ekki reyndir til muna. Forleikirnir fóru líka vel í þessu frábæra umhverfi sem katólska kirkjan er — þessi bygging væri útaf fyrir sig ærin ástæða til að gerast katólski, ef maður væri á annað borð áhugasamur um trúmál. Áður fyrr, þegar bróðir Ferdinand var á dögum, var steinninn ber og dökkur í kirkjunni, og þar var alltaf dimmt og drungalegt, eins og í gömlum gotneskum kirkjum í Evrópu. En síðar var hún máluð að innan í ljósum lit, og létta gler sett í gluggana, svo nú er bjart yfir kirkjunni. Og þarna er mjög góður hljómburður og án gjallanda, auk þess sem mér skilst að Frobeniusorgelið í Kristskirkju sé hið eina hér á landi, sem í rauninni komist á blað sem konsertorgel.

Leifur Þórarinnsson mun hafa samið kantötuna „Rís upp, ó guð“ fyrir kirkjukór Akraness, sem fór í söngfór til Þýskalands í fyrra með hluta hennar, þann sem fullbúinn var. Einsöngvari var Halldór Vilhelmsson, en einsöngvari var Leif Þórarinnsson — fjóra sálma

Þétur Ó. Jónsson; stjórnandi var Haukur Guðlaugsson en A. Corveiras organisti Svónatónlist nýttur sin stórvel í Kristskirkju — það var raunar því líkast, sem heilagur andi væri kominn í spilið á köflum, þegar Halldór var að syngja, því röddin virtist fylla kirkjuna og koma úr öllum átum í senn, en Eysteinn Asgrímsson segir einmitt um heilagan anda: Almáttigr guð, allra stétta yfirbjóðandi engla og þjóða, ei þurfandi stað né stundir, stað haldandi í kyrrleiks valdi, senn verandi úti og inni, uppi og niðri og þar í miðju, lof sé þér um aldr og ævi, eining sönn í þrennum greinum.

Haldór söng þarna veigamesta hlutverkið, en kórinn gerði líka vel svo unun var á að hlýða. Mönnum þótti þessi kantata Leifs hið magnaðasta tónverk, og það er skemmtilegt að kirkjukór Akraness skuli hafa þann metnað að frá eitt vort meiriháttar tónskáld til að semja fyrir sig sérstaka kantötu þegar hann fer út í heim til að syngja.



Sigurður Steinþórsson skrifar um tónlist.

## Sumar á Kjarvalsstöðum

Kjarvalsstaðir sumarið 81  
Myndir:  
Jóhannes Kjarval.  
Austursalur.

### Eru til ósýndar Kjarvalsmyndir?

■ Ég man ekki hversu langt er síðan seinasta Kjarvalssýningin á Kjarvalsstöðum var tekin ofan, en allavega var komið mál til þess, a.m.k. fyrir okkur sem sækjum sýningar í höfuðborginni. Sömu myndir, sama sýning, verður á endanum svolitíð þreytandi, jafnvel þótt sjálfur Kjarval sé á veggjunum, og þar sem safnið á ekki til skiptanna, er gott að hvíla meistarann öðru hverju, því svo blossar hann upp í allri sinni dýrd eftir nokkra mánuði.

Að þessu sinni eru 119 verk á sýningunni. Þar hafa allar verið þar áður, nema þrjár, ef ég fer rétt með. Dularfull blá mynd, önnur er af mosa og hin þriðja af dreng en það er andlitsmynd. Í Vestursalnum er svo unga fólk með sína hluti, silfur og gull.

Það er oft örðugt að gera upp á milli myndlistarmanna og listamanna yfirleitt. En það er þó ekki minnsti vafi á því, að Kjarval var í sinni tíð einhver mesti málari þjóðar sinnar, og hann var og er henni allri mjög nær. Það á því vel við að nota sumarið til þess að kynna verk hans með langri sýningu. Þá koma margir ferðamenn til borgarinnar, ekki aðeins útlendingar, heldur einnig fólk utan af landi, sem ekki á greiddan aðgang að góðum sýningum flesta daga. Og hvað okkur heimamenn varðar, þá er sú spurning áleitinn,

hvort borgin eigi ekki fleiri verk ósýnd?

Kjarval gaf Reykjavíkurborg á sínum tíma margar myndir, eða árið 1968, og einhvern veginn læðist sá grunur að manni, að þær hafi aldrei allar verið sýndar. Ef svo er, þyrfti endilega að koma þeim hið fyrsta á framfæri, til



■ Jóhannes Kjarval málaði sínar myndir oft úti í náttúrunni. Hann málaði um allt land. Hér er mynd af listamanninum við útvinnu.

þess að auka fjölbreytni á föstum sýningum Kjarvalsstaða á verkum hans. Einnig ætti Listasafn Íslands að hlaupa þarna undir bagga, því það á Kjarvalsmyndir líka.

Já, og vel á minnst, það þyrfti endilega að auka samvinnu safna í Reykjavík, því útlendingar hafa sagt mér, að t.d. um helgar, séu söfnin öll opin á sama tíma, þannig að ógjörningur er að komast yfir það að sjá þau á sama degi. Akureyringar munu hafa leyst þetta á þann máta að þeir hafa sín söfn opin þannig að menn geta gengið á söfnin í akveðinni röð, því þau eru ekki öll opin samtímis.

### Hver var Kjarval?

Það liggur í augum uppi, að auðvitað lifa listamenn aðallega í verkum sínum og einvörðungu eftir að þeir hverfa úr þessum heimi.

Íslenska þjóðin þekkir þennan mann Kjarval, eða þeir sem komnir eru yfir vissan aldur. Hann var stórbrotinn persónuleiki, og fór sjaldan í miðjum hljóum. Hann var rithöfundur og skáld og hann setti því ekki aðeins svip á samtíð sína með málverkum. Hann var goðsögn, eða þjóðsaga líka.

Af því hefur áður verið fundið, að Kjarvalsstaðir virðast aðeins ætla að rekja einn þátt sögu hans, sum sé myndlistina. Ritmál og skáldskap lætur það liggja milli hluta, þótt að visu sé borgin að láta færan rithöfund skrá ævisögu hans.

minning

# Hjörleifur Einarsson

fæddur 28/11 1955  
dáninn 27/5 1981

Kveðja frá Félagi starfsmanna Samvinnutrygginga og Andvöku FSSA

■ Þau válegu tíðindi spurðust að kvöldi þess 27. maí s.l. að litillar flugvélar með fjórum mönnum væri saknað.

Viðtæk leit var hafin — menn vonuðu og biðu. Í hönd fóru sólarlausir dagar. Harmafregnin var staðfest — vélin hafði farist og með henni mennirnir fjórir. Þjóðin öll er harmi slegin og tregar látna syni sína. En þungbærust og sárust er sorgin þeim er misstu ástvinu sína.

Við sem eftir lifum, eigum erfitt með að setta okkur við það, þegar menn eru hrifnir burt mitt úr dagsins önn. Menn í blóma lífsins, fullir af starfsorku og sem virðast eiga ólokið ótal verkefnum. Frammi fyrir slíkum atburðum finnum við vel hvað við erum smá og vanmegnug. Við drjúpum höfði í auðmykt og reynum að hugga okkur við að Hjörleifur og félagar hans hafi verið kallaðir til starfa að háleitari og göfugri verkefnum en við í skammsýni okkar hugðum biða þeirra okkar á meðal.

Hjörleifur Einarsson fulltrúi hjá Samvinnutryggingum var fæddur á Egilsstöðum 28. nóvember 1955, sonur sæmdarhjóanna í Mýnesi í Eibaþinghá, Laufeyjar Guðjónsdóttur, sem um margra ára skeið var barnakennari í sveit sinni og Einar Björnssonar bónda. Hann var yngstur sjö barna þeirra hjóna. Hjörleifur hlaut gott uppeldi á heimili ástrikra foreldra og í glöðum systkina-hópi. Hann hafði góða eðlisgreind og hlaut í arf mikinn félagsmálaáhuga og sterka samfélagsvitund. Hann stundaði nám á Eibum en þaðan lá leið hans í Verslunarskóla Íslands, þar sem hann lauk prófi vorið 1974. Stundaði síðan framhaldsnám í Folkstone í Englandi um nokkurra mánaða skeið.

Í janúar 1975 hóf Hjörleifur störf hjá Samvinnutryggingum og starfaði þar síðan. Hann reyndist traustur starfsmaður, vann störf sín af heilum hug, ábyrgð og áhuga, lagði sig fram. Hæfileikar hans voru líka ótvíræðir og því voru honum falin ábyrgðar- og trúnaðarstörf bæði af fyrir-



tækinu og starfsmönnum.

Starfsmenn kusu hann formann starfsmannafélagsins í janúar 1980 og gegndi hann því starfi með söma þar til hann lést, yngstur allra þeirra sem gegnt hafa formennsku í félaginu frá stofnun.

Hjörleifur var vel meðalmaður á vöxt, friður sýnum og glaðlyndur, næmgeðja nokkuð og fljótur til góðviljaður og hafði þroska sér miklu eldri manna. Í brjósti hans sló viðkvæmt og hlýtt hjarta. Hann var góður félagi.

Hjörleifur var kvæntur Höllu Björku Guðjónsdóttur frá Ytra-Gili í Eyjafirði. Mikilli myndarkonu og áttu þau þrjá syni, Sigurð Birgi f. 24/6 1972, Einar f. 22/10 1977 og Guðjón f. 23/4 1979.

Hjörleifur og Halla höfðu þrjú börn ungan aldur af hagsyni og miklum dugnaði komið sér upp góðri íbúð að Langholtsvegi 14 og buið sér og sonunum hlýlegt og fallett heimili.

Samstarfsmenn Hjörleifs hjá Samvinnutryggingafélagunum kveðja kærán félagi og minnst hans með virðingu og þökk.

Við vottum aðstandendum hans, eiginkonunni ungu, sem nú verður að axla þungar byrðar, litlu sonunum þremur, foreldrum Hjörleifs, systkinum hans og öðrum ættingjum og vinum, okkar dýpstu samúð.

Við biðjum þess að Drottinn huggi þá sem hryggðin slær. Minningin um góðan dreng lýsi þeim og yljí á dimmum dögum.

Sigurður Þórhallsson.

listnám í frægum skóla, Listaakademíunni í Kaupmannahöfn, en þaðan lauk hann prófi árið 1928, og þar með útskrifaður í lífið og starfið.

Árin 1918-1920 dvaldi hann í Florens og Róm og árið 1928 í París. Frá 1920 var hann búsettur á Íslandi, mest í Reykjavík, en þó dvaldi hann langdvölum við myndlistarstörf víða um landið.

Kjarval skilaði miklu lífsverki og enginn veit tölu mynda hans, sem eru slíkum töfrum gæddar, að varla mun það hafa komið fyrir að þær væru ekki gæddar einhverjum sérstökum gúðsneista. Hvort heldur þar var krot á servétu, jólakort, ellegar oliumálverk á striga.

Hann var rausnarmaður alla tíð og gaf Reykjavíkurborg stórgjöf af myndum árið 1969 sem áður sagði og myndir hans eru út um allt, heima og erlendis.

Hann lést í Reykjavík 13. apríl árið 1972.

Jónas Guðmundsson skrifar um myndlist

